

113. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs  
1. 4. 2020 kl. 8:15 – 9:45

Fundur settur kl. 8:15

Fundarstjóri: Ragnhildur Jónsdóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

**Mætt:** Vilhjálmur Magnússon, Bjarni Guðmundsson, Olga Ingólfssdóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir, Kristín Hermannsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Þorvarður Árnason, Karl Friðriksson, Hrafnkell Guðnason, Ragnhildur Jónsdóttir, Eyrún Helga Ævarsdóttir og Hugrún Harpa Reynisdóttir.

**1. Viðauki við samning NP og MRN**

Hugrún Harpa greindi frá því að samningur Nýheima þekkingarseturs við Mennta- og menningarmálaráðneytið hefur verið framlengdur með viðauka út árið 2020. Viðauki felur í sér hækkun á framlagi til setursins sem nemur 4,7 milljónum króna.

**2. Frestun ársfundar**

Vegna samkomubanns var tekin ákvörðun um að fresta ársfundi setursins sem vera átti 1. apríl. Lokadrög ársreiknings og ársskýrslu lágu fyrir fundinn, umræður sköpuðust um gögnin. Forstöðumanni falið að leita svara við spurningum stjórnar hjá endurskoðanda.

**3. Framtíð Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands**

Rætt var um þær breytingar sem hafa verið boðaðar í kjölfar þess að Nýsköpunarmiðstöð Íslands verði lögð niður, en mikil óvissa ríkir um hvaða form verður á stuðningi við nýsköpun í framhaldi af þeirri aðgerð. Miklar umræður sköpuðust um nýsköpun á landsbyggðinni og hlutverk þekkingarsamfélaga landsbyggðarinnar í nýsköpunarumhverfi framtíðarinnar. Stjórn telur sérstaklega mikilvægt að stjórnvöld horfi til þess að virkja þekkingarsamfélögin og samþætta , nýsköpunarstarf í ólíkum greinum og fagsviðum um land allt í samræmi við leiðarljós og markmið atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=ae8c7637-eb68-11e9-944d-005056bc4d74>. Einnig sé mikilvægt að huga sérstaklega að nýsköpun og þróun í ferðaþjónustu næstu misserin, ekki síst á landsbyggðinni.

**4. Önnur mál**

Hugrún Harpa fór yfir verkefnastöðu setursins og fyrirkomulag starfsins á þeim skrítnum tímum sem nú eru.

Fundi slitið klukkan 9:50

Ragnhildur Jóns  
Hugrún Harpa Reynisd.